

Samkaup hf. - höfuðstöðvar
Krossmóa 4
260 Reykjanesbæ

Reykjavík, 18. janúar 2023
UST202211-139/F.K.
07.13.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 29.11.2022 þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum varanna, Fairy max power (660 mL) og Bold 2 in 1 with built in Lenor freshness – Lavander and Camomile (840 mL) sem fyrirtækið Samkaup hf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst máli því sem hófst með bréfi dags. 29.11.2022 því lokið að hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með áður tilgreindum vörunum í umfangi eftirlits (sjá eftirlitsskýrslu) og því aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem ábending barst um. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Samkaup hf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum.

Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 38.000,-.

Virðingarfyllst,

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur